

2. júlí 2020.

Athugasemdir íbúaráðs Háaleitiso Bústaðahverfs vegna draga að tillögum að breytingum á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 varðandi skilgreiningu nýrra reita fyrir íbúðarbyggð.

Varðandi fyrirhugaða aðalskipulagsbreytingu við Bústaðaveg og Furugerði: Íbúaráði bárust athugasemdir íbúa sem hafa áhyggjur af aðalskipulagsbreytingunum og fyrirhuguðum byggingum.

Athugasemdir er varðar byggingar- og skipulagsmál:

- Grunnt er niður á klöpp á svæðinu og því liggur fyrir að mikið mun þurfa að sprengja, sérstaklega ef af verður að byggja þar bílakjallara.
 - Sérstaklega hafa íbúar áhyggjur af þeim skaða sem þeirra eigin húsnæði gæti orðið fyrir af slíkri vinnu, enda er slíkt þekkt af öðrum byggingarframkvæmdum í borginni eins og við Lindargötu og út á Granda. Íbúar hafa haft samband við borgina (nafn Sólveigar Sigurðardóttur kom fram í þeirri umræðu) varðandi þetta en hafa fengið loðin svör og ábyrgð varpað yfir á verktaka. Þykir íbúaráðinu sjálfsgagt að ljóst sé hvar ábyrgð á fyrirsjáanlegum skaða liggi fyrir áður en hafist er handa.
- Íbúar hafa áhyggjur af skorti á bílastæðum. Á svæðinu er nú þegar takmarkað magn bílastæða og miðað við núverand fyrirætlanir er gert ráð fyrir bílakjallara en að þar séu aðeins stæði fyrir íbúa. Ekki sé gert ráð fyrir neinum stæðum við húsin sjálf, svo sem fyrir gesti og aðra og því ekki gert ráð fyrir að gestir komi akandi.
- Þá var bent á að í þeim byggingaráætlunum sem liggja sé fyrirséð að húsnæði muni ekki uppfylla hljóðvistarkröfur. Yfir þessu hafi verið kvartað en íbúum ekki borist svör vegna þessa.
- Þröngt er um húsnæði á svæðinu og lítið pláss fyrir gangstéttir og virðist núverandi byggingarmagn ekki taka það til greina. Fyrirséð er að mjög þröngt verði um byggingar þarna.
- Götur og gangstéttir eru einnig þröngar og í nálægum götum eru víða ekki gangstéttir. Einn íbúi nefndi að ekki yrði hægt fyrir bíla að mætast á leið til og frá nýjum byggingum og að ef bill myndi aka að þeim og ekki finna stæði (sem er ekki gert ráð fyrir) yrði bíllinn að bakka út.
- Gert er ráð fyrir görðum og athafnasvæði norðanmegin við byggingarnar, þar sem fyrirséð er að það svæði verði fyrst og fremst í skugga. Sunnanmegin er gert við ráð fyrir svölum sem liggja þétt að umferðarpungum Bústaðaveginum.
- Miklar athugasemdir bárust vegna fyrirhugaðs byggingarmagns. Íbúar virtust ekki ósáttir við að þarna yrði byggt s.s. eins og ráðgert hafði verið fyrir breytingar á aðalskipulagi en gera fyrst og fremst athugasemdir við margfaldað byggingarmagn á litlum reit, umferð sem af hlýst og fyrirsjáanlega skort á bílastæðum.

Í B-hluta aðalskipulags 2010-2030 kemur fram um þennan reit: „ÍB33 Gerði-vestur. Svæðið er að mestu fullbyggt og fastmótað. Möguleiki er á lítilsháttar þéttingu íbúðarbyggðar (4-6 íbúðir) við Furugerði, næst Bústaðavegi (Gróðrarstöðin Grænahlíð).“ Núverandi aðalskipulag gerir ráð fyrir 4-6 íbúðum, en í breytingartillögun er því haldið fram að heimild sé fyrir 49 íbúðum og að stefnt sé að byggingu 32 íbúða. Samkvæmt athugasemdum íbúa á fundinum stóð til að fara í deiluskipulagsbreytingu á svæðinu en að því hafi ekki verið skilað af umhverfis- og skipulagssviði á tilsettum tíma og því hafi það ekki gengið í gegn. En nú sé farið fram á aðalskipulagsbreytingu til þess að ná fram þessari sömu breytingu.

Íbúar hafa óskað eftir fundum innan borgarkerfisins og grenndarkynningu á málinu en hafa ekki fengið. Þykir íbúaráðinu þetta miður.